

Formannafundur 14. ágúst 2023 kl. 16.00 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Frá stjórn KAÍ: Reinharð, Mæja, Ronja og á Zoom: Elías, Sissó, Rut og Gunnlaugur. Hafþór boðaði forföll.

Fulltrúar frá KFR, Þórshamri, KAK og Aftureldingu voru á fundinum.

1. Mótadagskrá haustsins kynnt.

- a. Lagt til að hafa ÍM og ÍMU í kumite helgina 4.-5. nóvember. Fylkir ætla að athuga með hús.
- b. Lagt til að hafa GP3 og BM KAÍ helgina 18.-19. nóvember. Afturelding ætla að athuga með hús.
- c. RIG24 verður haldið laugardaginn 27. Janúar í Laugardalshöllinni.

Enn vantar fulltrúa frá félögunum í Mótanefnd. Þurfum vant fólk fyrir NM24. Mæja ætla að senda enn eina ámininguna út á félögin..

2. Lagt til að ungum og efnilegum keppendum verði boðið að taka þátt í NM24 í Reykjavík. Lítil kostnaður fyrir sambandið en mörg sæti eru laus, sérstaklega í kumite. Þeir keppendur sem eru valdir taki þátt í æfingum fram að mótinu með landsliðsþjálfurunum. Formenn og þjálfarar félagnna hvattir til að senda alla efnilega og áhugasaman á opnar æfingar um helgina sem eru opnar fyrir 13 ára og eldri.

Lagt til að láta merkja hettupeysur fyrir NM24. Elías ætla að fá tilboð í þær. Hægt verður að selja auglýsingar á peysurnar.

3. Opnar landsliðsæfingar verð haldar með landsliðsþjálfurunum daga 19. og 20. ágúst bæði í kata og kumite.

Allar æfingarnar eru opnar fyrir 13 ára og eldri sem vilja komast í landsliðið og verða í Fylkisselinu, Norðlingaholti.

Dagskráin er:

Laugardagur 19. ágúst.

10.00 – 11.45 Kumite

11.45 – 13.00 Kata

13.00 – 14.45 Kumite

Sunnudagur 20. ágúst.

10.00 – 11.30 Kumite

12.30 – 14.00 Kumite og Kata.

4. Fjörkálfamót í kata og kumite. Breiðablik bauðst til að finna hús undir mót og halda það með aðstoð annarra félaga. Stefnt á að halda fyrsta mótið í október.

5. Millipinganevnd um aukið aðgengi hinsegin fólks að karate íþróttinni.

i. Tillaga um að stofna starfshóp um að skapa jákvætt, aðgengilegt og hvetjandi karate umhverfi fyrir hinsegin fólk. Lagt til að starfhópurinn skili af sér fyrir áramót. Auglýsing verður birt í næstu viku þar sem óskað er eftir tilnefningum í starfshópinn sem verður síðan skipaður af stjórn KAÍ.

Í framhaldi af þessari umræðu var rættu um para-karate en nú er farið að keppa í því á öllum helstu stórmótum í Evrópu.

6. Lagt til að félögin fái yngir iðkendur í lið með sér til að virkja samfélagsmiðla. Hvetja félögin til að vera virk og sýnileg á samfélagsmiðlum.

7. Ný auglýsing fyrir karate kynnt á fundinum. Hægt verður að deila henni á samfélagsmiðlum og boosta í upphafi misseris.

Fundi slitið kl. 17.15